

# Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 45. stjórnarfundar 17. september, 2024 kl. 14:20-16:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lís Davíðsdóttir sátu fundinn.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerð

Fundargerð 44. fundar samþykkt.

### 2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á 11 umsóknum um sölu á íbúðarhúsnæði.

Kaup á níu eignum samþykkt en tvær umsóknir töldust þurfa nánari skoðun.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn umsókn um eitt hús í byggingu. Fyrir liggur mat frá verkfræðistofunni Eflu á matsverði sem lagt var fram til upplýsinga.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á fimm umsóknum um sölu á íbúðarhúsnæði.

Kaup á einni eignum samþykkt en tvær umsóknir töldust þurfa nánari skoðun.

Í tveimur tilvikum voru ekki taldar forsendur til kaupa og ákveðið að boða umsækjendum höfnun á umsókn.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á fimm umsóknum um sölu á íbúðarhúsnæði sem er í eigu lögaðila. Samþykkt í öllum tilvikum að vísa umsóknum frá þar sem ekki er uppfyllt skilyrði laganna um eignarhald einstaklinga á húsnæðinu.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

### 3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins og helstu verkefni framundan. Alls hafa borist 938 umsóknir auk 21 umsókna frá búseturéttarhöfum. Búið að ganga frá samningum við alla búseturéttarhafa og senda greiðsluupplýsingar til ráðuneytisins.

Þegar hafa verið samþykktar 888 umsóknir og þinglýstir kaupsamningar eru orðnir 882. Kaupverð þeirra eigna er alls 67,5 ma. kr.

Ákveðið hefur verið að boða frávisun í tilviki tíu umsókna sem hafa borist frá lögaðilum sem eru eigendur að íbúðarhúsnæði. Þá hefur 14 einstaklingum verið boðuð höfnun á umsókn þar sem skilyrði til kaupa virðast ekki uppfyllt.

Framundan eru m.a. fundir með ráðuneytinu vegna rekstraráætlunar fyrir félagið og fundur með kröfuhöfum. Einnig fundur með ríkisendurskoðun vegna endurskoðunar fyrir félagið.

Vinna við nýja heimasíðu fyrir félagið er á lokametrunum.

### 4. Rekstraráætlun 2024 og 2025

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn fullbúin drög að rekstraráætlunum fyrir árin 2024 og 2025 til samþykktar.

Drögin voru rædd og samþykkt að lokinni umræðu að gerðum minniháttar breytingum sem vörðuðu framsetningu.

### 5. Önnur mál

Ákveðið að hafa næsta fund 30. september kl 13-15. Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 16:30.

Guðrún Þorleifsdóttir Óskar Józefsson